

NÆSTA SKREF Á ÞÍNUM FERLI

Magnús Kristjánsson
verkefnastjóri
hjá KPMG

Sigríður Guðmundsdóttir
mannauðsstjóri
Eimskips á Íslandi

Sigbór K. Skúlason
forstjóri Airport
Associates

Arngrímur Fannar Haraldsson
viðskiptastjóri hjá Hörpu

Guðrún Ragna Garðarsdóttir
framkvæmdastjóri
Atlantsolíu

Næsta skref á þínum ferli?

Hvort sem þú vilt þróast úr sérfræðingi í stjórnanda eða leiðtoga, skipta um starfsumhverfi eða stofna þitt eigið fyrirtæki þá er MBA-nám við Háskóla Íslands sterkur leikur. Í náminu eflirðu persónulega færni og þekkingu á rekstri fyrirtækja og kraft til að mæta nýjum áskorunum.

Leiðtogahæfni

– VÖRÐUÐ LEIÐ

Kröfur til stjórnanda breytast hratt og aðlögun þeirra að ólíkum aðstæðum og hlutverkum er lykilatriði. Í náminu þróa nemendur skipulega eigin hæfni og staldrað er sérstaklega við sex vörður sem allar snúa að eflingu leiðtogahæfni.



Uppbygging námsins

Skipulag námsins miðast við að nemendur geti sinnt starfi sínu og þróað það í náminu. Kennsla fer fram að öllu jöfnu aðra hvora viku á föstudögum og laugardögum kl. 9–17. Námið hefst í ágúst með undirbúningsdegi og síðan taka við átta námskeið á fyrria námsárinu og sjö á því seinna auk lokaverkefnis. Kennsla fer fram á Háskólatorgi. Stór hluti námskeiðs um alþjóðlega stjórnun er kenndur í Georgetown University í Washington. Náminu lýkur með lokaverkefni sem nemendur velja ýmist af eigin áhugasviði eða starfsumhverfi.

1. ár

Undirbúningsdagur

HAUST		VOR	
FYRRI LOTA	SEINNI LOTA	FYRRI LOTA	SEINNI LOTA
Í ELDLÍNUNNI	REKSTRARUMHVERFIÐ	MARKAÐSSTARF OG ÁRANGUR	FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA
<ul style="list-style-type: none">Forstuhlutverkið og forstukenningarPersónulegt mat, ígrundunÁrangursmiðuð samskiptiUppbygging tengsla og tjáningÁrangursrík teymi og hópastarf	<ul style="list-style-type: none">Markaðir og samkeppniAlþjóðaviðskiptiSamkeppnishæfi þjóðaFjármál og óvissaHagkerfi í sífelltri þróun	<ul style="list-style-type: none">Skipulag markaðsstarfsFramtíð markaðsstarfsMarkaðsstefnaMarkaðsáætlanirMarkaðsrannsóknir	<ul style="list-style-type: none">Arðsemismat fjárfestingaFjármögnun fyrirtækjaSkuldabréfagreiðingVirðismat hlutabréfaÁhættugreiðing
REIKNINGSHALD	STEFNUMÓTUN OG SAMKEPPNISHÆFNI	HAGNÝT TÖLFRÆÐI OG ÁKVARÐANIR	SAMNINGAFÆRNI OG SÁTTAMIÐLUN
<ul style="list-style-type: none">Mat á afkomuSjóðstreymiStjórnendaupplýsingarÁrsreikningarHeildstæð upplýsingagjöf	<ul style="list-style-type: none">Stefna, samkeppnishæfni og klasarGreining á umhverfi og kvikri færniHeildarstefna, viðskiptastefna og viðskiptalíkönStjórnarhættir, skipulag og framkvæmdastefnaSamfélagsleg ábyrgð og verðmætasköpun	<ul style="list-style-type: none">Úrlausn flókinna viðfangsefnaHelstu tölfræðiaðferðirÁkvarðanir einstaklinga og hópaGagnagreiðingUpplýsingastjórnun	<ul style="list-style-type: none">SamningaferlarSíðferðileg viðfangsefni stjórnendaLausn ágreiningsGagnrýnin nálgun við lausn álitamálaSköpun verðmæta í samningum

2. ár

Upphaf seinna námsárs

HAUST		VOR	
FYRRI LOTA	SEINNI LOTA	FYRRI LOTA	SEINNI LOTA
ALÞJÓÐAVIDSKIPTI <i>kennit á ensku</i>	STJÓRNUN OG BREYTINGAR	FRUMKVÖÐLAR OG NÝSKÖPUN	MIÐLUN UPPLÝSINGA
<ul style="list-style-type: none">Utanríkisviðskipti ÍslendingaStefnumótun alþjóðaviðskiptaUmhverfismál og alþjóðlegir sáttmálarInnkoma á erlenda markaðiFjármál í alþjóðlegu samhengi	<ul style="list-style-type: none">Ráðningar og valStarfsþróun og atvinnuhæfniVinnustaðamenningStjórnun breytingaStarfsframi – útvíkkun möguleika	<ul style="list-style-type: none">Frumkvöðlar; samskipti og samvinna stofnendaNýsköpun í starfandi fyrirtækjumÞróun viðskiptahugmyndaViðskiptalíkön í nútíð og framtíðGervigreind; tækifæri og áskoranir	<ul style="list-style-type: none">Áhrifarík upplýsingamiðlunFjárfestakynningarKrisustjórnunSamskipti við fjölmíðlaSýnileiki og tengslamyndun
ÁRANGUR Í REKSTRI	ALÞJÓÐLEG STJÓRNUN <i>kennit á ensku</i>	VALNÁMSKEIÐ	HAGNÝTT LOKAVERKEFNI
<ul style="list-style-type: none">AðgerðastjórnunBestunVörustjórnunÞjónustustigGæði án sóunar	<ul style="list-style-type: none">AlþjóðavæðingStjórnun alþjóðlegra fyrirtækjaMenningargreiðingAlþjóðleg teymiFjarfteymi	<ol style="list-style-type: none">VerkefnastjórnunFjármálaheimurinnHlutverk í stjórnun og leiðtogastarfiStjórnarhættir fyrirtækja	

NÁMSFERÐ TIL WASHINGTON

Birt með fyrirvara um breytingar

REKSTRARGRUNNUR	LEIÐTOGAHÆFNI	VAXTARTÆKIFÆRI
Námskeið um rekstur og fjármál eru mikilvægur grunnur í náminu. Hér gefst þér tækifæri til að efla færni við að setja fram, túlka og bregðast við ýmsum rekstrar- og fjárhagsupplýsingum.	Í þessum námskeiðum er leiðtogafærni skoðuð ítarlega. Hér þjálfast þú í að takast á við ný og krefjandi verkefni, leiða ólíka einstaklinga til árangurs og bregðast við því óvænta.	Hér er kastljósinu beint að tækifærum framtíðarinnar og alþjóðamarkaði þar sem stöðugreiðing, framtíðarsýn, áætlanagerð og gerð viðskiptalíkana er í fyrirrúmi.

”

Námið er krefjandi á svo margvíslegan hátt og því finnst mér eins og búið sé að teygja mig og toga í ólíkar áttir og það hefur þroskað mig og bætt sem persónu og stjórnanda.

Sigríður Guðmundsdóttir
mannauðsstjóri
Eimskips á Íslandi

”

MBA-námið hefur tryggt mér getu og kraft til að takast á við krefjandi áskoranir sem stjórnandi, fyrirtækja-eigandi og frumkvöðull og hæfni til að sækja á mið sem mér þóttu áður óyfirstíganleg.

Hagnýt verkefni fyrir atvinnulífið tengja fræðin sérstaklega vel við viðskiptalífið.

Sunna Ólafsdóttir Wallevik
frumkvöðull og
meðstofnandi Gerosion

”

Ég fékk ótal tækifæri til þess að vinna ítarlega að ýmsum raunverkefnum fyrir þau fyrirtæki sem ég starfa fyrir og við nemendurnir lærðum mikið hvert af öðru, vinabönd mynduðust og tengslanetið stækkaði.

Sigþór K. Skúlason
forstjóri Airport
Associates



Sterk tengsl við íslenskt atvinnulíf

Fyrirtækjaheimsóknir og fjölbreytt verkefni nemenda eru ómissandi þáttur í að skapa lifandi tengsl við íslenskt atvinnulíf. Gestafyrirlesarar hafa komið úr ýmsum áttum og hefur framlag þeirra til námsins verið einstakt.

„Við hjá Marel horfum alltaf með tilhlökkun til hinnar árlegu heimsóknar MBA-nema. Venjulega er heimsóknin skipulögð í byrjun annar og því gott að geta opnað augu nemanna fyrir þeim fjölmörgu þáttum sem þurfa að vera til staðar til að stórt alþjóðlegt fyrirtæki geti blómstrað, vaxið og verið leiðandi á sínu sviði.



“Við erum sannfærð um gildi námsins fyrir starfsmenn og ávinning þess fyrir fyrirtækið.

Það kemur alltaf á óvart hvað þarf að huga að mörgu til að öll keðjan virki og hversu sterkt innra skipulag þarf að vera. Venjulega er hópurinn með skilgreindar áherslur varðandi hvað þau ætla sér að fá út úr heimsókninni. Er því alltaf mikið um spurningar og umræður sem er einstakt fyrir námsmannaheimsóknir og

mjög skemmtilegt. Fjöldi starfsmanna Marel hefur farið í MBA-nám og fengið meiri ábyrgð í starfi í framhaldi. Við erum sannfærð um gildi námsins fyrir starfsmenn og ávinning þess fyrir fyrirtækið.”

Pétur Guðjónsson
framkvæmdastjóri sölu- og viðskiptasviðs, Marel

Nemendur í MBA-námi síðastliðin 3 ár



konur

51%



karlar

49%



starfsreynsla

15,3 ár



meðalaldur

43 ár



Egill Jóhannsson forstjóri Brimborgar og Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands við brautskráningu 2017.

MBA – Hagnýtt meistaranám

MBA-nám (Master of Business Administration) við Háskóla Íslands er tveggja ára hagnýtt meistaranám ætlað þeim sem hafa reynslu af stjórnunarstörfum og vilja auka þekkingu sína og hæfni til að takast betur á við forystuhlutverk í viðskiptalífinu. Einstaklingar með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands starfa nú á flestum sviðum viðskiptalífsins, ýmist sem æðstu stjórnendur, millistjórnendur, sérfræðingar eða frumkvöðlar.

Alþjóðleg vottun

MBA-námið við Háskóla Íslands er vottað af Association of MBAs (AMBA). Aðeins um 200 háskólar hafa hlotið slíka alþjóðlega vottun, en hún er eingöngu veitt að undangengnu umfangsmiklu mati á umgjörð og innihaldi námsins þar sem m.a. er horft til skipulags þess og gæða.





MBA-hópurinn 2016 í Alþjóðabankanum í Washington.

Námsferð til Washington

Námsferð til Washington er liður í að styrkja tengsl nemenda við alþjóðlegt viðskiptaumhverfi. Haustið 2018 er ferðinni heitið til Georgetown University sem er einn virtasti háskóli í heimi. Kostnaður við ferðina er innifalinn í námsgjöldum.

Ný sýn á eigið starfsumhverfi

Í MBA-námi í Háskóla Íslands gefst gott tækifæri til að fá nýja sýn á eigið starfsumhverfi. Byggt er á þverfaglegu námi í rekstri og stjórnun, sem er sérsníðið að stjórnendum. Uppbygging einstaklingsins og þjálfun forystuhæfileika hans er mikilvægur hluti af náminu. Hópastarfið vegur þungt, verkefnin eru í senn hagnýt, krefjandi og lærdómsrík þar sem mikil og víðtæk reynsla MBA-hópsins nýtist sérlega vel. Ný fræðileg sjónarmið í akademíunni sem eiga erindi við viðskiptalífið skila sér í kennslu góðra kennara. Takmarkið er að nemendur geti nýtt strax efni hvers kennsludags í sínu starfsumhverfi.

Umsóknarfrestur

Fyrri umsóknarfrestur er til 15. apríl og hvetjum við umsækjendur til að sækja snemma um til að auka líkur á að fá inngöngu. Síðari umsóknarfrestur er til 20. maí.

Sæktu um á www.mba.is



MBA-hópurinn 2017 á lokahófi í Hörpu.



HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA

Gimli við Sæmundargötu
101 Reykjavík

Sími 525 4596
www.mba.is

mba@hi.is
www.facebook.com/mba.haskoli.islands